

## Enska 8. bekkur 2018-2019

Kennari Kristín Heiða Þórisdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í ensku sett fram í sjö flokkum: Hlustun; Lesskilningur; Samskipti; Frásögn; Ritun; Menningarlausni; Námsþæfni. Á blaðsíðum 125-131 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um ensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### Kennsluhættir

Áhersla er lögð á eðlilegan framburð og orðaforða sem einkenna daglegt mál. Nemendur þurfa að venjast því að heyra málið, skilja hvernig það er notað við raunverulegar aðstæður og fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem hann þekkir.

Hlustun/tal: Nemendur eru þjálfaðir í hlustun með því að hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði málsins eftir málsvæðum. Leitast er við að nemendur nái sem eðlilegustum framburði, áherslum og hrynjandi í tali. Til að æfa tal eru notaðir margs konar samskiptaleikir, leikræn tjáning og skapandi málnotkun.

Lestur: Lestur eykur orðaforða og tilfinningu fyrir málinu og því skiptir miklu máli að nemendur lesi sem mest. Þeir lesa margs konar gerðir af textum með það í huga að nemendur nái sem bestum lesskilningi. Reynt er að leggja áherslu á lesefni sem höfðar til aldurs, þroska og áhugasviðs en einnig eru gerðar kröfur til þess að nemendur lesi efni sem tengist málefnum líðandi stundar, menningar og lífnaðarháttum í öðrum löndum og víkka þannig sjóndeildarhring sinn.

Ritun: Ritun er sá þáttur sem reynist flestum nemendum hvað erfiðastur í tungumálanámi. Í 8. bekk er byrjað á einföldum viðfangsefnum og ritunin gjarnan tengd öðrum færniþáttum. Eftir því sem líður á veturinn verða gerðar meiri kröfur um uppsetningu, málfar, stafsetningu, orðaforða og inntak.

Tungumál og menning: Tungumál og menning eru samofin þar sem tungumálið endurspeglar menninguna og menningin varpar ljósi á tungumálið. Mikilvægt er að nemendur fái innsýn í kjör, lífnaðarhætti, menningararf, viðhorf og gildi annarra þjóða. Þannig víkka þeir sjóndeildarhring sinn og fá tækifæri til að öðlast nýja sýn á sjálfa sig og eigin aðstæður. Þetta gerum við með lestri bókmennta viðkomandi menningarsamfélags, söngvum þess, þjóðsögum eða kvikmyndum og öðru myndefni sem færir umheiminn nær.

### Námsgögn:

Spotlight 8 textabók og vinnubók, léttlestrarbækur, ljósritað efni, kvikmyndir, tónlist og annað myndefni.

**Námsmat:**

Tungumálanám er þess eðlis að símat á vel við og því þjónar leiðsagnarmat vel þeim tilgangi að fylgjast jafnt og þétt með stöðu og framförum nemenda. Er það gert með t.d. sjálfsmati, jafningjamati, endurgjöf, matsblöðum, gátlistum, samtölum og kynningum. Við annarskil er hæfni, þekking og leikni nemenda metin á grundvelli þess fjölbreytt mats sem fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og e.t.v. annarprófum sem endurspeglar hæfniviðmiðin, viðfangsefni annarinnar og þá færniþætti sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu.